



## Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

# Starfsáætlun leikskólans Undralands 2020-2021



## Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra ber að gefa árlega út starfsáætlun leikskólans, þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru sem viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af skólanefnd sveitarfélagsins. Að lokum skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarnanna. Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati.

Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Undralands skólaárið 2020-2021 og er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fram fer í leikskólanum. Hún hefur að geyma hlutverk Undralands þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram en þau eru: Umhverfi-Umhyggja. Markmið og viðfangsefni vetrarins eru einnig sett hér fram.

**Einkunnarorð Undralands**  
**Umhverfi-Umhyggja**

## Leikskólaskrifni í Undralandi

Leikurinn, í allri sinni fjölbreytni, er hornsteinn leikskólaskrifnsins hér í Undralandi. Fyrir börn er leikurinn lífstjóning sem ýtir undir það að barnið búi sér til leið til náms í gegnum áhuga og gleði. Í leik er barnið að skapa úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og leitar lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Leikur er líf og starf barnanna þar sem þau fá tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum og geta sjálf skipað sér í ýmis hlutverk og virkjað þannig sköpunargáfu sína á margvíslegan hátt. Rannsóknir síðari tíma sýna að leikurinn sem slíkur er ein árangursríkasta leiðin fyrir nám barna á leikskólaaldri og besti undirbúningur fyrir frekara nám og starf síðar á lífsleiðinni. Færni barna sem þróast í gegnum leik, þá sérstaklega sjálfstjórn í ímyndunarleiknum, hefur áhrif á námsárangur í framtíðinni. Helsta markmið okkar er að skila af okkur glöðum, umhyggjusömum, öruggum og sterkum einstaklingum sem þekkja vel náttúruna og hvað hún hefur uppá að bjóða.

## Markmið leikskólans

Markmið Undralands eru að barnið:

- Tileinki sér þá hæfni sem það krefst að takast á við sjálft sig og lífið í samskiptum við aðra.
- Læri að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.
- Beri virðingu fyrir sjálfu sér, öðrum og umhverfi sínu.
- Öðlist hæfni í að tjá sig og afla sér þekkingar.

Lífsleikni okkar sækjum við í samfélagið, menninguna og til þeirra fyrirmynda sem eru allt í kringum okkur. Lögð er áhersla á að barnið fái nægan tíma í frjálsa leikinn hvort sem er úti eða inni vegna þess að leikurinn er ein öflugasta leiðin til þroska barnsins. Við viljum að börnin tileinki sér það að hugsa sjálfstætt með því að fá þau til að spyrja spurninga og leita svara.

**Einkunnarorð okkar eru: umhverfi og umhyggja**

## Áherslur í starfinu

Starf leikskólans tekur mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámsskrá leikskóla (2011). Í 2 gr. laganna segir:

„Í leikskólum skal velferð og hagar barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“

Hlutverk leikskóla er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit þeirra.

Hugmyndafræðin sem við aðhyllumst og leggjum metnað okkar í að starfa eftir er kennd við Reggio Emilia. Hún hentar okkur vel þar sem mikil áhersla er lögð á barnið, þarfir þess og getu til að skapa og upplifa. Við nýtum okkur náttúruna og umhverfið sem við búum í til verkefnavinnu og vettvangsferða.

Undanfarna áratugi hefur hugmyndafræði Reggio Emilia þróast á Norður-Ítalíu og hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim. Hún er kennd við borgina Reggio Emilia og er Loris Malaguzzi aðalfrumkvöðullinn og hugmyndasmiður hennar (Börn hafaundrað mál 1988:5). Malaguzzi fannst menntun og skóli leitast við að skilja að líkama og huga, þar sem kennt væri að hugsa án líkama og framkvæma án hugsunar (Guðrún Alda Harðardóttir.2001:9). Hann leit á menntun sem samfélagslegt ferli, hlutdeild í menningu og áleit að hún ætti að einkennast af trausti og virðingu fyrir ómældri getu barna til að afla reynslu og þekkingar á eigin forsendum. Leggja ætti áherslu á að börnin kynntust því liðna til að flétta inn í nútíðina og byggja framtíð í gegnum sameiginlegar uppgötvanir. Hafa fætuna tryggilega á jörðinni og höfuðið í hugmyndafluginu. Mikil áhersla er lögð á að efla sjálfsmynd, söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund (Guðrún Alda Harðardóttir.2001:17-19).

Við ætlum að leggja aukna áherslu á útikennslu og grenndarnám. Sú nálgun fellur vel að Reggio stefnunni.

**„Börn eru gullnáma, en hlutverk fullorðinna er að fá gullið til að glóa“**

## Grunnþættir menntunar

Sú menntastefna sem birt er í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er reist á sex grunnþáttum menntunar og er byggð á grundvelli laga um leik-, grunn- og framhaldskóla. Grunnþættirnir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Þessir grunnþættir eru leiðarljós við námskrárgerð og eiga að fléttast inn í allt leikskólastarf. Samkvæmt aðalnámskránni eru námssvið leikskóla áhersluþættir í leikskólauppeldi. Námssviðin, þ.e. *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning* skarast og eru þau samofin undirstöðupáttum leikskólastarfs eins og í leik, hópastarfi, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.

## Mat á leikskólastarfi

Innra mati á leikskólum er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs í leikskólum. Með kerfisbundnu mati er greint hvað gengur vel og hvað miður og síðan teknar ákvarðanir um umbætur á grundvelli niðurstaðna. Innra mat á að vera samofið daglegu starfi leikskólans, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu, auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess á starfsemi leikskólans og vera liður í foreldrasamvinnu.

Ytra mat á leikskólum er mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, ráðuneyti mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Skólanefnd skal hafa eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Nefndin ber ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu leikskólans og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti.

## Innra mat leikskólans

Leikskólinn Undraland notar sjálfsmatskerfið Leikskólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Skólapúlsinn er með tvær gerðir samræmdra kannana fyrir starfsfólk og foreldra í leikskólum. Þessar kannanir eru lagðar fyrir á tveggja ára fresti.

### **Starfsmannakönnun:**

Liður í innra mati er að spyrja starfsmenn í leikskólanum um: stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn á deildum spurðir nokkurra spurninga sem snúa beint að samskiptum við börnin og foreldra þeirra.

Efni kannana er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Könnunin fer fram í febrúar og skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun mars.

### **Foreldrakönnun:**

Foreldrakönnunin inniheldur 16 matsþætti þar sem hver matsþáttur inniheldur nokkrar spurningar. Matsþættirnir eru: Vinnubrögð í leikskólanum, samstarf við starfsfólk deildar, samskipti og upplýsingamiðlun, aðstaða til leiks og náms, upphaf dvalar og flutningur á milli deilda, tækifæri til náms, málörvun, starf í takt við aðalnámskrá, félagsfærni barna, vellíðan barna, útivist og umhverfisvitund, mataræði og matarmenning, tengsl leik- og grunnskóla, samskipti barna utan leikskólans, sérkennsla og stuðningur og sérfræðiþjónusta.

Efni kannana er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins. Hægt er að taka könnunina á íslensku, ensku og pólsku. Um 20 mínútur tekur að svara könnuninni ef einungis annað foreldrið er skráð með tölvupóstfang hjá skólanum en um 10 mínútur ef báðir foreldrar eru skráðir með tölvupóstfang.

Könnunin er framkvæmd í mars annaðhvert ár. Könnunin er gerð fyrir foreldra barna á öllum deildum leikskólans. Búnir eru til þátttökukóðar úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í febrúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutumum. Niðurstöður hvers aldurshóps eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun apríl svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð.

## Ytra mat leikskólans

Ytra mat var unnið á vegum Námsmatsstofnunnar í mars 2015 og munum við halda áfram að vinna að umbótum úr þeirri skýrslu á þessu skólaári. Mennta- og menningarmálaráðuneyti gerir kröfu um skýrslu frá leikskólanum einu sinni á ári þar sem gerð er grein fyrir þeim útbótum sem gerðar hafa verið.

## Áherslur í leikskólastarfinu skólaárið 2020-2021

**Menning og samfélag:** Leikskólastarf mótast af því umhverfi sem börn búa við, atvinnu- félagsog menningarlegu. Leikskólinn tekur tillit til mismunandi fjölskyldugerðar og uppruna barnanna og eflir tilfinningu þeirra fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því.

**Lífsleikni og samskipti:** Lögð er áhersla á að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám leikskólans. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta og tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Lífsleikni byggist á að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar og öðlist trú á eigin getu.

**Hátíðir og hefðir:** Í íslensku þjóðlífi eru ýmsar hátíðir og hefðir sem börn kynnast og taka þátt í á heimilum sínum en einnig í leikskólum. Þennan menningararf styður leikskólinn við og kennir börnunum að læra að virða og vera stolt af uppruna sínum og menningararfi. Í leikskólum eru líka ríkjandi hefðir sem gefa tilefni til hátíðar.

**HLJÓM-2** er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (9 af hverjum 10 börnum). Síðustu 30 ár a.m.k. hefur mikil áhersla verið á að börnum sé strax frá unga aldri boðið markvisst upp á leiki og verkefni til örvunar hljóðkerfis- og málmeðvitundar þeirra og að þeim sem virðast eiga í erfiðleikum sé sinnt sérstaklega. Leikskólaárin eru því sérlega mikilvæg fyrir snemmtæka íhlutun.

**TRAS:** Hér á Undralandi vinnum við með markvissa skráningu í TRAS (n: Tidlig registrering af sprákuþvikling), en það er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. TRAS skráningarlistinn hefur verið þýddur og staðfærður fyrir íslenskar aðstæður.

**Lubbi finnur málbein:** Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur við að gelta og þá heyrir „voff-voff-voff“. Lubba langar mikið að læra að tala en þá vandast málið því þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Það sem hundum finnst best að naga er bein og er Lubbi engin undantekning. Þess vegna líta máhljóðin út eins og bein og nagar Lubbi beinin og lærir með því að tala smátt og smátt. Hvert máhljóð er tekið fyrir á síðu eða opnu. Hverju máhljóði fylgir ákveðið lag og einnig stutt saga sem lögð er sérstök áhersla á hvert hljóð fyrir sig. Hvert máhljóð á sér ákveðið tákni, í þeim táknum er oft á tíðum stuðst við tákni með tali. Með því að tengja hljóðið við táknræna hreyfinguna er auðvelt að læra það og muna. Ætlum

við að styðjast við tákinn og hreyfingann til að auðvelda okkur að læra lögina betur. Vísurnar fjalla um hljóðin. Þær eru skemmtilegar og auðvelt að læra þær utan bókar. Það er gaman að syngja með og tákna hljóðin um leið. Í bókinni Lubbi finnur málbein er unnið með nám í þrívídd, þá er átt við sjónskyn, heyrnaskyn og hreyfi- og snertiskyn. Með því að vinna með hljóðnám í þrívídd er verið að æfa börnin í að tileinka sér íslensku mállhljóðinn, það brúar bilið milli stafs og hljóðs og að lokum kemur þetta börnum á sporið í lestri og ritun. Einnig eru í bókinni stuttar sögur sem tengjast hverju hljóði. Í sögunni má finna hljóðið fremst í orði, inni í orði eða aftast í orði. Sögurnar geyma fjölbreyttan orðaforða og hvetja til auðugs málfars. Spurningar í sögulok gefa færi á áhugaverðum samræðum, rökræðum og vangaveltum. Við erum ekki að kenna börnunum stafina heldur hljóðin sem þeir segja. Auðveldar það börnunum að tengja hljóðin við stafina þegar að því kemur.

**Blær:** Við vinnum með vináttuverkefnið Blær sem gefið er út af Barnaheill. Blær er bangsi sem kennir börnum góð samskipti og vináttu.

*Vináttu* byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir *Vináttu* á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu forvarnarverkefni er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins. Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

### **Umburðarlyndi**

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu

### **Virðing**

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.

### **Umhyggja**

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

### **Hugrekki**

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugarakur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

*Vináttu* felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.

## Starfsþróun í leikskólanum

Starfsmannasamtöl voru í maí 2020. Leikskólastjóri tók viðtöl við allt starfsfólk að undanskildu ræstingarfólki.

Við munum leggjum mikla áherslu á góð og jákvæð samskipti og gott upplýsingaflæði.

Starfsmenn taka þátt í Haustþingi áttundu deildar FL og FSL. Þar fyrir utan eru fimm skipulagsdagur á skóladagatali sem verða notaðir til efla starf leikskólans.

Starfsmenn verða hvattir til þess að nýta sér námskeið á vegum Skólalþjónustu Árnesþings.

## Heilsueflandi leikskóli

Vorið 2019 skráðum við okkur í verkefnið Heilsueflandi leikskóli.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru **heilbrigði og velferð** skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar sem leikskólar eiga að hafa að leiðarljósi og innleiða í öllu sínu starfi.

Mikill samhljómur er með starfi Heilsueflandi leikskóla og grunnþættinum um heilbrigði og velferð. Heilsueflandi leikskóli mun því nýtast leikskólum sem verkfæri til að innleiða grunnþáttinn heilbrigði og velferð.

**Heilsueflandi leikskóli** leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: **hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag** og **starfsfólk**.

Gert er ráð fyrir að Heilsueflandi leikskólar setji sér heilðræna stefnu um heilsueflandi skólastarf. Stofnaður hefur verið stýrihópur sem í eru þrír starfsmenn leikskólans auk eins foreldris. Í hópnum eru: Heiða Snorradóttir, Anna Marý Karlsdóttir, Ída Bjarnadóttir og Sigurjón Snær Jónsson.

## Foreldrasamstarf

Foreldrafélag leikskólans heitir Foreldrafélag Undralands. Félagar eru allir foreldrar eða forráðamenn barna í leikskólanum Undralandi. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn í september. Foreldrafélagið kemur að eða sér um jólaballið, öskudagsskemmtun, vorferð, fjöruferð/berjaferð og fleiri þáttum ef óskað er eftir aðstoð. Foreldrar greiða ákveðna upphæð í hverjum mánuði í foreldrafélagið og sá sjóður er nýttur í þágu barnanna.

Í stjórn Foreldrafélags Undralands eru; Hildur Hjálmsdóttir, Hrund Pálsdóttir, Elma Jóhannsdóttir. Í varastjórn eru Steinunn og Dagmara

Í Foreldraráði Undralands eru; Maja Vilstrup, Edda Arndal og Sigríður Steinunn Einarsdóttir  
Einn fulltrúi úr foreldraráði situr fundi skólanefndar.

Leikskólinn leggur áherslu á gott samstarf/samskipti við foreldra og eru skipulögð foreldrasamtöl tvisvar sinnum á vetri, eða oftár.



## Karellen

Karellen fyrir leikskóla er einfalt, öruggt og notendavænt kerfi sem styður við og auðveldar faglegt starf í leikskólum.

Karellen er heildstætt upplýsingakerfi sem er sérhannað fyrir íslenska leikskóla í samstarfi við leikskólastjóra og leikskólakennara.

Nú á haustdögum tókum við í notkun nýja heimasíðu tengda Karellen

### Faglegt starf

Kostir Karellen felast fyrst og fremst í tímasparnaði og stuðningi við faglegt starf. Stjórnendur hafa allar skráningar á einum stað og því þarf ekki að uppfæra sömu upplýsingar á mörgum stöðum.

### Örugg upplýsingamiðlun til foreldra

Í allri hönnun og þróun Karellen er lögð áhersla á að auðvelda upplýsingamiðlun til og frá heimilum. Þegar skráðar eru upplýsingar í kerfið er ekki aukin vinna að birta þær foreldrum. Með því að fá reglulega upplýsingar verða foreldrar í betri tengslum við leikskólann.

## Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf milli Undralands og Flúðaskóla verður á þann veg að heimsóknir verða á milli grunnskóla og leikskóla þrisvar sinnum í mánuði og svo vorskóli í maí. Deildarstjóri Skógarkots og umsjónarkennari 1. bekkjar skipuleggja heimsóknirnar og hafa yfirumsjón með samstarfinu. Þær munu funda reglulega yfir skólaárið til að fylgjast með framförum og til að mæta betur þörfum hvers skólastigs.

## Dagskipulag

Dagskipulag byggist á frjálsum leik, hópastarfi og daglegum venjum.

## Starfsfólk Undralands skólaárið 2020-2021

Alda Kristín Jóhannsdóttir leiðbeinandi

Anna Marý Karlsdóttir leiðbeinandi

Auður Hanna Grímsdóttir leiðbeinandi

Brynja Sólveig Pálsdóttir leiðbeinandi

Elma Jóhannsdóttir Háskólamenntaður starfsmaður með B.Ed í leikskólakennarafræðum (í fæðingarorlofi 2020)

Heiða Snorradóttir leikskólaliði

Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólastjóri

Ída Bjarnadóttir leiðbeinandi

Jónína Björnsdóttir leikskólaliði

Katrín Þorvaldsdóttir deildarstjóri/leikskólakennari/staðgengill

Katrín Ösp Emilsdóttir leiðbeinandi

Margrét Elín Ragnheiðardóttir leikskólakennari

Nina Faryna eldhústæknir

Ragnheiður Björg Magnúsdóttir leikskólakennari/deildarstjóri

Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir leikskólaliði/deildarstjóri

Telma Þöll Þorbjörnsdóttir leiðbeinandi

Valdís Magnúsdóttir sérkennslustjóri/þroskajálfri

Valný Guðmundsdóttir leiðbeinandi

Þórmundur Smári Hilmarsson leiðbeinandi

Peter Palicka þríf

Zuzana Palicková þríf

## Barnafjöldi veturinn 2020-2021

Ekki er ljóst hver barnafjöldi veturinn 2020-2021 verður en börnin eru 40 í byrjun október 2020.

## Stoðþjónusta

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings sér um stoðþjónustu til leikskólans. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings starfar á grundvelli reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.

Markmið skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

- Styrkja og styðja faglega við starf skólanna þannig að innan þeirra sé hægt að leysa flest þau verkefni sem upp koma með öflugri ráðgjöf og fræðslu til kennara og starfsfólks.
- Styðja við og efla samvinnu leik- grunn- og framhaldsskóla í Árnesþingi og stuðla að samvinnu skóla og fagfólks á svæðinu.
- Styrkja nemendur, foreldra og starfsfólk skólanna. Stuðla að bættri líðan nemenda og efla þá í námi og starfi með hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi og kynna nýjungar með tilliti til sérstöðu hvers skóla.

Undraland hefur aðgang að kennsluráðgjöf hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

- Kennsluráðgjafar veita ráðgjöf til skólastjóra, kennara og annars starfsfólks leik- og grunnskóla, bæði um inntak og skipulag í þeim tilgangi að efla skólana stöðugt í starfi. Verkefni kennsluráðgjafa felast meðal annars í því að stuðla að samstarfi leik- og grunnskóla á svæðinu og samstarfi einstakra hópa í skólunum t.d. kennara sömu námsgreina. Þeir hafa

frumkvæði að verkefnum sem stuðla að sameiginlegum markmiðum skólanna og skólaþjónustu.

- Kennsluráðgjafar veita stuðning við skimanir á deildum eða skima líðan, náms- og þroskastöðu, námsframvindu, félagsfærni og hegðun. Þeir veita ráðgjöf og handleiðslu um verklag við snemmtæka íhlutun, þ.e. að bregðast fljótt við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda hjá börnum og stuðla að kennslu og stuðningi við hæfi í samvinnu við sálfræðing.
- Kennsluráðgjafar taka þátt í þverfaglegri aðkomu skóla- og velferðarþjónustu að málefnum einstaklinga, s.s. í teymum um málefni einstaklinga og skilafundum utanaðkomandi stofnana. Þá aðstoða þeir við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um og koma að úrlausn bráðamála, eftir aðstæðum og í samvinnu við þá sem málið varðar.
- Kennsluráðgjafar liðsinna skólum við áætlanagerð um starfsþróun starfsfólks leik- og grunnskóla og standa fyrir símenntun fyrir allar starfsstéttir skólanna. Einnig er samvinna og ráðgjöf til sveitarstjórna stór hluti starfsins.

Undraland hefur aðgang að sálfræðingi hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

- Sálfræðilegur gerir athuganir á leik- og grunnskólabörnum, ráðgjöf til nemenda, kennara og foreldra m.a. vegna hegðunar- og tilfinningavanda, sem og þverfaglegt samstarf um málefni barna í skólaþjónustunni.

Leikskólinn hefur einnig aðgang að talmeinafræðingi hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Skóladagatal 2020-2021

<https://www.undraland.is/wp-content/uploads/2020/08/Leikskoladagatal-2020-2021.pdf>